

HÖFUNDARMARK Á ÍSLENDINGASÖGUM

I

Að þessu efni hefi ég vikið nokkuð áður (Íslenska Snorra Sturlusonar, Nýall, 289-294, og Snorramál, Ennýall 216), og skal hér nú nokkru við bætt. Hefir allmikið verið um þetta ritað, eins og sjá má af hinum fróðlega formála próf. Sigurðar Nordals fyrir Egilssögu (Ísl. fornrit II 1933), og þá sérstaklega um það, hvort Snorri muni vera höfundur Egils-sögu. Furðu nokkurri gegnir hve lítinn gaum hinir fyrri menn, hafa, jafnvel þó að um mikla gáfumenn væri að ræða, gefið að hinum sérstöku einkennum á málfari sögu-ritaranna. „Pegar Grundtvig hafði (líklega fyrstur manna)“ — segir próf. Nordal í bók sinni um Snorra Sturluson, s. 32 — „eignað Snorra Egils sögu, svaraði Þorleifur Repp því svo, að til slíks þyrfti mikla vanþekkingu á íslenskt mál, því að þótt stíll Eglu væri ágætur í hvívetna, þá ætti hann í engu sammerkt við stíl Snorra.“ Þetta var 1819; en 1920 ritar Sig. Nordal (s. st.): „Samt finnst oss hver saga eiga sinn svip, en það er einmitt mjög tilfinningamál.“ Og enn fremur (á sömu síðu): „En hversu margar líkur sem fram hafa verið færðar fyrir því, að líkt hafi verið á komið með Snorra og höfundi Eglu, þá verður það samt ekki nema getgáta [að Snorri sé höfundurinn] nema nýjar rannsóknaraðferðir leiði í ljós ný rök í málinu.“ En 1933 ritar hann í hinum ágæta formála Egilssöguútgáfu sinnar, s. 93: „Þetta mál verður aldrei útkljáð til fullrar hlítar með þeim gögnum sem vér þekkjum nú. Ég er fús til að skiljast við það sem álitamál. En sjálfur hef ég sannfærst um það því meir sem ég hef kynnst Egils sögu betur, að hún sé verk Snorra.“

II

Það gæti verið nokkur ástæða til að furða sig á því, að próf. Nordal hefir mín að engu getið í þessum formála sínum, þar sem ég hafði nú einmitt komið með nokkur ný rök í þessu máli (í áðurnefndri grein um Íslensku Snorra Sturlusonar) og ekki alveg ólíklegt, að einmitt þessi rök hafi getað orðið eins gáfuðum manni og próf. S. N. er, nokkur hjálp til að skilja, að hinn sérstaki svipur á hverri sögu, þarf ekki að vera neitt tilfinningamál, og þá einkum til að öðlast þá sannfæringu, að Egla sé eftir Snorra.

Næsta furðulegt er, að annar eins tungumálamaður og Repp var, skyldi verða til að segja, að stillinn á Eglu og þeim ritum sem Snorra eru eignuð, eigi í engu sammerkt. Því að þetta er nærri því eins og að halda því fram um systkin, sem meira að segja eru mjög lík, að þau eigi í engu sammerkt. Það kemur ennþá betur í ljós hver systkinasvipur er á Eglu og Heimskringlu, ef vér, eftir að hafa virt þessi snilldarverk vel fyrir oss, berum þau saman við aðrar hinar ágætustu Íslendingasögur, eins og t. d. Eyrbyggju, Laxdælu, Gretlu og Njálu. Engum manni gæti eitt augnablik til hugar komið, að höfundur Eglu eða Heimskringlu hefði nokkra af þessum sögum ritað (eða sami maðurinn t. d. Laxdælu og Njálu). En í Eglu og Heimskringlu finnum vér sömu orð, málshætti og orðalag og það svo, að ekki er annars staðar að finna nema í Eddu Snorra sé. Orðmyndun sú sem Snorri, eftir Heimskringlu að dæma, hefir svo miklar mætur á, að rita -samligr, -samliga, þar sem aðrir höfðu -ligr, -liga, er ekki síður áberandi í Eglu, þar sem það sem Laxdæla kallar „risuligt bú“ er nefnt „bú rausnarsamligt“. Og orðið „fegin-samliga“ sem Snorri virðist hafa alveg sérstakt dálæti á, er 6 sinnum í Eglu (s. 19, 81, 89, 92, 166, 174; útg. S. N.) en í Heimskringlu 8 sinnum (s. 96, 161, 263, 324, 413, 471, 497, 551; útg. F. J.) „Orðaskak“ (harðar ávítur) kemur einu sinni fyrir í Eglu, og einu sinni í Hkr., en hvergi annars staðar. „Gott er heilum vagni heim að aka“ segir Skallagrímur við Þórólf son sinn, en í Hkr. Ólafur Svíakonungur við Ólaf helga. Í öðrum sögum hefi ég ekki svo ég muni til, rekið mig

á spakmæli þetta; en í Laxdælu (s. 143, útg. dr. E. Ó. S.) segir Ólafur pá: „er um heilt bezt at binda“, og í Njálu kemur „skamma stund verður hönd höggvi fegin“ fyrir 3 sinnum, og er lagt í munn Rannveigu móður Gunnars, Höskuldi Hvítanesgoða og Síðu-Halli (s. 98, 239, 328). Eru slíkar endurtekningar mjög athyglisverðar, því að eins og höfundur endurtekur í sömu sögu það sem honum er tamast og mætast, þannig mundi hann einnig gera í öðrum sögum, ef ritað hefði. Eins og nú einmitt kemur svo fagurlega fram í Eglu, Heimskringlu og Eddu. Hér er enn eitt ágætt dæmi. Í Hkr. segir s. 291: „Var Þórir málóði um hríð“ og „Þórir svarar snellt.“ En í Eglu s. 152-3: „Önundr segir þá snellt mjök“ og „Önundr var málóði um hríð.“ Egla og Hkr. hafa báðar „greiddisk þeim vel“ eða „greiddisk för þeira vel“; en Laxdæla og fleiri sögur „urðu þeir vel reiðfara.“ Skemmtilegt skyldleikamerki Heimskringlu og Eddu kemur fram í þessu: að „láta fyrir“ í merkingunni að „láta undan“ „bíða ósigur“, er mjög sjaldgæft, en kemur fyrir í Hkr. 3 sinnum (s. 169, 487, 599). En í Skáldskaparmálum Snorra-Eddu kemur þetta fyrir í 17. kap. og hefir þó dulist hinum ágætu útgefendum af ástæðu, sem vert er að benda á. Það er verið að segja frá einvígí Þórs og Hrungnis: „Þóttusk jötnar hafa mikit í ábyrgð, hvárr signr fengi; þeim var ills ván af Þór, ef Hrungnir ljeti fyrir því at hann var þeira sterkastr.“

Af því að „fyrir“ stendur þarna hjá „því at“ hafa útgefendur tekið það saman við þau orð (fyrir því at = af því að) og sett greinarmerkið á röngum stað; en það á bersýnilega að skrifa „ljeti fyrir, því at“ o. s. frv., enda hitt vandræðamál og Snorra ólíkt; og einhver afritari hefir þá líka breytt ljeti í ljetist („létiz“). Sbr. Edduútgáfur Finns Jónssonar Kbh. 1900 og Rvk 1907.

III

Meðal þess sem sýnir hversu lítinn gaum menn hafa gefið hinu sérstaka málfari Snorra, og yfirleitt, hinu sérstaka málfari hverrar sögu, má nefna það, að annar eins skarpleiksmaður og dr. Björn Ólsen skyldi geta látið sér koma til

hugar, að Sturlusaga væri eftir Snorra. Því að í þeirri sögu er mikið um orð og orðalag, sem ekki er til í Heimskringlu, Eddu eða Eglu; en hinsvegar vantar þar kenniorð Snorra, slík sem finna má í þessum ritum hans. Læt ég hér koma nokkur orð og setningar úr Sturlusögu, sem nægja til að sýna, að hún er ekki eftir Snorra (Sturlunga I, útg. dr. Björns Bjarnasonar, Rvk. 1908): s. 85: hrumaðr; 87: mál í deild lagt; 90: áviljaðr; 91: kvittat; 92: varð af slíku lítt milli manna; 93: umalaust; 99: fésamr; 100: ræningi fyrir Einari Þorgilssyni; (en í Eglu 81. kap.: „at hann myndi vera vilja ræningi þinn“); 101: eigimsk við gletni; 102: ákenning; 104: óvísa; 111: klenging; 121: af hrapaði; 122: snjór í driptum; 124: í hallinn upp; 127: sitja fyrir sæmd höfðingja; 128: ná búð, vilnumsk; 148: ófésamt; 155: áhugaverð (tíðindi).

IV

Fjarri er mér það að vilja bera á móti þeirri tilgátu Björns Ólsens, að Sturlusögu sé að rekja til Guðnýjar Böðvarsdóttur, konu hans og móður Snorra. Guðný var hjá þessum syni sínum síðasta hluta ævi sinnar, og ef til vill er ekki svo fráleitt að hugsa sér, að hún hafi sjálf sagt einhverjum skrifara Snorra fyrir þessa sögu. Það er ekki ólíklegt að Guðný hafi verið kona sögufróð, eins og Þuríður hin spaka, dóttir Snorra goða, sem Íslendingasögur eiga svo mikið að þakka. Það var víst engin tilviljun, að Guðný var þar viðstödd er bein Snorra goða voru grafin upp, eins og Eyrbyggja getur um, sem vitnar í orð hennar. Mætti jafnvel ímynda sér, að ekki einungis sú saga, heldur einnig Laxdæla og Grettis saga væru ekki án alls sambands við Guðnýju; og ef til vill er það ekki alveg þýðingarlaust, að eitt af eftirtektarverðstu kenniorðum Snorra, „feginsamliga“, kemur í eitt skipti fyrir bæði í Laxdælu og Grettlu. En í þeirri sögu segir svo (84. kap.) „um daga Sturlunga, er kirkja var færð at Reykjum, váru grafin upp bein Grettis, ok þótti þeim geysistór ok þó mikil.“ Á víst að vera: „ekki geysistór“; Grettir mun ekki hafa verið mjög hár maður, en ákaflega þrekinn. Orðin „og þótti þeim“ liggur beinast við að skilja svo sem einhver eða

einhverjur af Sturlungum hafi verið viðstaddir uppgröft þenna.

V

Í útlendu riti mjög frægu, hefi ég rekið mig á eftirtektarverða bendingu um það, hverja þýðingu einstök orð geta haft sem höfundarmark. Ritið um hernað Cæsars í Gallíu, er í 8 þáttum (bókum); eru 7 þættirnir eftir Cæsar sjálfan, en 8. bókin er eftir Hirtius, sem var tryggur vinur hans og samherji. Hafði Hirtius hina mestu aðdáun á Cæsar, einnig sem rithöfundi, og þarf ekki að efa, að hann hefir gert sér allt far um að líkja eftir frásögn þessa, í hans augum, óvið-jafnanlega mikla manns. Og þó eru í þessum lokaþætti, sem Hirtius hefir samið, orð sem aldrei koma fyrir í hinum þáttunum 7. Í 5. kap. 8. bókarinnar er þannig haft orðið „impressio“ um innrás hers; en Cæsar sjálfur notar það orð aldrei þannig. Og í 46. og 48. kap. hefir Hirtius „hibernare“ um veturnsetu hers, en Cæsar notar aldrei það orð, heldur „hiemare“. Sbr. hina ágætu útgáfu af „de Bello Gallico“ eftir Rheinhard, Herzog og Kohleiss.

VI

Að endingu vildi ég leyfa mér, að hvetja málfræðinga vora til að bera saman, meir en gert hefir verið, málfarið á hinum ýmsu sögum, og gera skrá yfir þau orð og orðtæki sem sérkennileg eru fyrir hvert einstakt af fornritum vorum. Þykir mér ekki ólíklegt að slíkt kynni að verða til að leiða í ljós eftirtektarverðan fróðleik bæði um rithöfundana og um sköpunarsögu ritmálsins. Og eins væri fróðlegt, að greiða fyrir skilningi lesendanna á því, á hverju helst er snilldarbragð; og ef til vill eru þeir þá líka sumir, er benda þyrfti á, að jafnvel í sögunum koma fyrir mál gallar, sem ekki má líkja eftir. En hvar væri íslenskt mál og menning nú, ef ekki hefðum vér átt fornritin? Málspilling sú, sem meir og meir er að gera vart við sig, stafar óefað ekki alllítioð af því, að sögurnar eru of lítið lesnar; en þó er einnig sá voði yfir-

vofandi, að hinn skýri, norræni framburður tapist oss, og er þegar svo langt komið á þeirri leið, að oss finnst t. d. mikið um, ef útvarpserindi er flutt af manni sem er svo vel talandi, að vér skiljum hvert orð sem hann segir.